



Kópavogsbær
Digranesvegur 1
200 Kópavogur

Kópavogi, 23. apríl 2024
24041935/505.01 ÁH

Vatnsendahvarf. Umsókn um framkvæmdaleyfi.

Sótt er um framkvæmdaleyfi fyrir gatnagerð og landmótun fyrir nýju hverfi í Vatnsendahvarfi.

Svæðið liggur að mörkum fyrirhugaðs Arnarnesvegar, Kópahverfis og Hvörfum í Vatnsenda. Hverfið mun tengjast Arnarnesvegi um Vatnsendaveg.

Gatna- og veghönnun ásamt landmótun er unnin eftir deiliskipulagi Vatnsendahvarfs sem staðfest var í B-deild stjórnartíðinda 9.2.2024 og í samræmi við kafla 4.3 um samgöngur í greinargerð með skipulagi. Áætlaður framkvæmdatími er 3 ár með lokafrágangi.


Tímasetningar og áfangaskipting gatnagerðar án frágangs er lýst á yfirlitsmynd B201.

Sótt verður um byggingarleyfi til byggingarfulltrúa fyrir niðurrifi mannvirkja á svæðinu samhliða framkvæmdum við gatnagerð.

Lýsing á fyrirhuguðum framkvæmdum er kaflaskipt eftir skilmálum í greinargerð með deiliskipulagi og er sem hér segir:

4.3. Samgöngur(almennt)

Nýtt gatnakerfi tengist núverandi kerfi frá Kambavegi um Kóraverfi úr suðri og Kambavegi til norðurs við Turnahvarf og er lýst á yfirlitsmynd B101. Í hönnun gatna í hverfinu er forgangur gangandi og hjólandi tryggður með hraðalækkandi aðgerðum sem lýst er á yfirlitsmyndum O201 og O202 og deilum J101. Í flestum götum er gott aðgengi gangandi á gangstétt að sameiginlegum hjóla- og göngustígum án þess að þvera þurfi safngötu eða gatnamót




Myndir 1 og 2
dæmi um
miðeyju með
upphækkaðri
gönguþverun

D102, O201

4.3.1 Gatnakerfi

Þrjár upphækkanir með miðeygjum eru á Kambavegi og ein við Rofahvarf þar sem sameiginlegur hjóla- og göngustígur þverar akbrautir. Gert er ráð fyrir fjórum hefðbundnum upphækkuðum göngubverunum, tveimur máluðum sebrabrautum og einni hraðahindrun. Vegir eru almennt stuttir og hlykkjóttir og er Kambavegi hliðrað til. Á miðeyjum verður lágvaxinn gróður t.d. rósir og fjölærar plöntur til þess að tryggja sjónlengdir. Við göngubveranir verður lýsing sem sker sig úr umhverfinu og hönnuð skv. lýsingarflokki EV í hönnunarleiðbeiningum Reykjavíkurborgar á framkvæmdatíma.



Mynd 1 Skýringarmynd úr hönnunarleiðbeiningum

Kambavegur er skilgreindur sem safngata með 40 km/klst. hámarkshraða en lækkaður í 30 km/klst. við leik- og grunnskóla. Aðrar götur eru skilgreindar sem safngötur og húsagötur með 30 km/klst. hámarkshraða sem lýst er á yfirlitsmyndum L101 og L102.

4.3.2 Stígakerfi

Halli gönguleiða er undir 5% en þar sem því er viðkomið, vegna legu lands er slíku ekki náð í öllu hverfinu, mesti halli er 7% og er lýst á yfirlitsmynd B102. Almennt eru gangstéttir beggja vegna götu 2,5 m breiðar við Kambaveg og sameiginlegur hjóla- og göngustígur eru 3 m. Göngustígar á opnum svæðum eru 3 m breiðir. Göngustígar sem ekki eru við götur eru með sér göngustígalýsingu



Mynd 3. Dæmi um lýsingu á stígum



4.3.3. Almenningsamgöngur

Staðsetning fyrir biðstöð almenningsamganga verður nánar útfærð í samráði við hagsmunadila fyrir lokafrágang.

Stígar við biðstöð verða hannaðir skv. leiðbeiningum 6.2.3. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012.

Almennings bílastæði verða með gegndræpu yfirborði og nánar útfærð við lokafrágang. Valin verða stæði fyrir deilibíla í samráði við skipulagsdeild fyrir lokafrágang

Hjólástæði við opin svæði, dvalar- og leiksvæði og boltavelli í almenningsrýmum og við biðskýli verða útfærð við uppbyggingu opinna svæða.

Hjólageymsla með hleðslu fyrir rafhjól og hjólaskýli við stofnbraut hjólaleiða verða útfærð við uppbyggingu opinna svæða.

Við sleðabrekku verður landmótun til að útbúa skjól og góð vaxtarskilyrði fyrir gróður útfærð við uppbyggingu opinna svæða.

Útsýnis- og menningarreitir verður hannaður samhliða gatnaframkvæmdum og uppbyggingu opinna svæða.

Ofanvatni er veitt meðfram stígum og landslagi í settjarnir. Regnvatni í götum er veitt í regnvatnslagnir

Tilvísanir í með fylgjandi teikningar með umsókn:

1. Yfirlitsmynd B101 unnin af VBV verkfræðistofu, hnitsett í mælikvarða 1:2500 dags. 1.3.2024 sem sýnir fyrirhugaða framkvæmd og afstöðu hennar gagnvart aðliggjandi byggð og að landi, þ.e. sýnir mannvirki sem fyrir eru á svæðinu.
2. Yfirlitsmynd B102 unnin af VBV verkfræðistofu, hnitsett í mælikvarða 1:1500 dags. 1.3.2024 sem sýnir fyrirhugaða framkvæmd með hæðarlínunum og annað í landslagi sem skiptir máli fyrir útfærslu framkvæmdar.
3. Yfirlitsmynd B201 unnin af VBV verkfræðistofu, hnitsett í mælikvarða 1:2000 dags. 1.3.2024 sem sýnir áfangaskiptingu og tímasetningar fyrirhugaðra framkvæmda án lokafrágangs.
4. Yfirlitsmyndir O201 og O202 unnar af VBV verkfræðistofu, hnitsett í mælikvarða 1:1000 dags. 1.3.2024 sem sýna upphækkaðar gangbrautir og gatnasvæði, hefðbundnar gangbrautir, hraðahindranir og aðrar hraðalækkandi aðgerðir.
5. Deili og göngubveranir J101 unnin af VBV verkfræðistofu, hnitsett í mælikvarða 1:20 og 1:150 dags. 1.3.2024 sem sýnir fyrirkomulag gangbrauta og niðurtekta.
6. Yfirlitsmyndir L101 og L102 unnar af VBV verkfræðistofu, hnitsett í mælikvarða 1:1500 dags. 1.3.2024 sem sýna hraðatakmarkanir og staðsetningu göngubverunarskilta.

Virðingarfyllst,
Ármann Halldórsson
Deildarstjóri framkvæmdadeildar

